

Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardalur

Reykjavík 14. desember 2018
UST201811-159/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Ós á Skógaströnd - Dalabyggð

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Dalabyggðar er barst 13. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi á jörðinni Ós á Skógarströnd í Dalabyggð.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið tekur til frístundabyggðar og eru skilgreinar 18 lóðir með byggingareitum fyrir 28 sumarhús. Svæðið er um 39 ha að stærð og liggur nálægt sjó, austan Ósár sem rennur í Breiðafjörð.

Breiðafjörður

Umhverfisstofnun vill benda á lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, en tilgangur þeirra er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndanna, lífríkis og menningarminja. Þar sem að svæðið liggur að Breiðafirði þá telur Umhverfisstofnun mikilvægt að fjallað sé um lögin og markmið þeirra og hvernig markmiðin samrýmast tillögunni.

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Fjörur í Álftafirði og Vigrafirði og er númer 230 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst sem miklum og frjóssömum leirum og þangfjörum, auk þess er mikil umferð farfugla á svæðinu. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni að svæðið er á náttúruminjaskrá og það komi fram í umhverfisskýrslu hver áhrif framkvæmdanna verða á svæðið.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999, en þess er ekki getið í tillögunni.

Bakkagróður


Á uppdrætti er erfitt að sjá legu göngustígsins við árbakka Ósá. Samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Girðing og aðgengi

Í greinargerð kemur fram að sumarhúsalandið verður afgirt með einni sameiginlegri girðingu. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægi þess að girðingin komi fram á uppdrætti.


Umhverfisstofnun telur mikilvægt að girðingar hindri ekki umferð gangandi manna við árbakkann. Í 26. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er fjallað um girðingar og þar segir: „Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Ef mannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkið og að bakkanum aftur. Þegar girða þarf yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólreiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu. Heimilt er að hafa göngustiga í stað hliðs þegar girt er yfir skipulagðan göngustíg.“

Umhverfisstofnun bendir auk þess á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir aðgengi almennings meðfram ánni og strandlengjunni svo að útivistargildi skerðist ekki og bendir stofnunin á skipulagsreglugerð nr. 90/2013 gr.5.3.2.14., þar sem fjallað er um aðgengi almennings að vötn, ám og sjó.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllt



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur